



Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 140/431**  
**komudagur 24.11.2011**

Reykjavík 24. nóvember 2011  
LHG/082/9,6/DS/sig

**Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um varnarmálalög og lög um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur af ratsjárstöðvum), 203. mál.**

Landhelgisgæslan hefur tekið við stórum hluta verkefna fyrrum varnarmálastofnunar skv. samkomulagi milli utanríkisráðuneytis og innanríkisráðuneytis. Þar á meðal eru verkefni ratsjárstöðva sem hér eru starfræktar í þágu Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar. Sjá lög um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl. nr. 72/2007 sem fela í sér fullgildingu fyrir Íslands hönd á þessum alþjóðasamningum.

Í 7. gr. framangreindra laga nr. 72/2007 segir að erlendur liðsafla og borgaralegar deildir hans sem dvelja hér á landi á grundvelli alþjóðasamninga skv. 2. gr. skuli hérlandis njóta þess skattfrelsis og þeirra tollundanþágna sem samningarnir kveða á um. Jafnframt segir í 1. mgr. 21. gr. varnarmálalaga nr. 34/2008:

*Öryggis- og varnarsvæði, ásamt mannvirkjum íslenska ríkisins, Atlantshafsbandalagsins eða Bandaríkjanna þar, og starfsemi þeim tengd, skulu undanþegin öllum opinberum gjöldum, þ.m.t. vegna kaupna á vöru og þjónustu til viðhalds og rekstrar. Þá eru mannvirkin undanþegin skyldu-tryggingu fasteigna.*

Ákvæði þetta á rætur að rekja til skuldbindinga íslenska ríkisins í framangreindum alþjóðasamningum. Þrátt fyrir að Landhelgisgæslan hafi nú tekið að sér rekstur ratsjárstöðva er sami tilgangurinn með rekstri stöðvanna og var þegar bandaríska herliðið var á Íslandi. Skiptir engu máli hver fjármagnar reksturinn. Hann er í þágu varnarmála skv. alþjóðasamningum.

Landhelgisgæslan þiggur enga þjónustu af sveitarfélögum vegna ratsjárstöðva nema sérstaklega sé greitt fyrir hana. Landhelgisgæslan hefur nú skv. framangreindum samningi milli utanríkis- og innanríkisráðuneytis u.þ.b. 153 mannvirki í sinni umsjón. Helgúvíkurmannvirkin eru t.a.m. metin á 40 milljarða. Verði krafist fasteignaskatts af öllum þessum mannvirkjum þyrfti ríkið sem eigandi eignanna að gera ráð fyrir fjárveitingum til utanríkisráðuneytisins til að greiða skattinn. Það yrði einungis millifærsla á háum fjárhæðum milli opinberra aðila og fæli í sér tilviljunarkennda útteilingu fjármuna til sveitarfélaganna þar sem sum fengju háar fjárhæðir en önnur ekki neitt.

Grundvallaratriði er að ratsjárstöðvar eru reknar í þjónustu við aðildarríki Atlantshafsbandalagsins skv. framangreindum samningum sem íslenska ríkið hefur fullgilt og fasteignaskattur á ratsjárstöðvar fer í bága við þá.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,

Dagmar Sigurðardóttir  
lögfræðingur.